



U S T

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Alþingi - Allsherjarnefnd
Selma Hafliðadóttir,
nefndarritari
Kirkjustræti
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 28. nóvember 2007
Tilvísun: UST20071100103/hj


Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörur, 191. mál, heildarlög

Umhverfisstofnun hefur borist beiðni yðar um umsögn um frumvap til laga um samræmda neyðarsvörur, 191. mál, heildarlög. Í frumvarpinu er lagt til að lögin verði felld að þegar gerðum breytingum og enn fremur er fjallað um atriði sem tengjast tekjuöflun.


Umhverfistofnun telur það mjög jákvætt að samræma neyðarsvörur í þeim tilgangi að hafa slika þjónustu skilvirka og örugga.

Það er skilningur stofnunarinnar að þessi neyðarsvörur nái m.a. til mengunaróhappa og annars sem getur ógnað umhverfinu á landi þar sem slökkvilið er viðbragðsaðili, í samræmi við lög nr. 75/2000 um brunavarnir. Jafnframt að framangreint frumvarp breyti ekki því að tilkynningar um bráðamengun og óhöpp á sjó fari áfram í gegnum vaktstöð siglinga en þar Umhverfisstofnun skilgreindur sem viðbragðsaðili samkvæmt lögum nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllst



Helgi Jónasson
Forstöðumaður



Kristin Linda Árnadóttir
Lögfræðingur